

Aukafundur fulltrúaráðs Brynju leigufélags ses.

19. febrúar 2024

FUNDARGERÐ

1. Fundarstjórn og ritun fundargerðar

Fundurinn var boðaður með tölvupósti 12. febrúar 2024. Í fundarboði kom fram að um rafrænan aukafund fulltrúaráðs væri að ræða þar sem borin yrði upp staðfesting á kjöri stjórnar Brynju leigufélags ses. sem fram fór á haustfundi fulltrúaráðs 28. nóvember 2023. Fram kom að þátttaka í fundinum yrði rafræn og færi fram með þeim hætti að fundarmenn sendu tölvupósti til fundarstjóra. Í fundarboði var gerð tillaga um eftirfarandi dagskrá:

1. Kjör fundarstjóra og fundarritara.
2. Staðfesting á stjórnarkjöri 28. nóvember 2023.

Í fundarboðinu var gerð tillaga um að Guðbrandur Sigðursson yrði kjörinn fundarstjóri og Flóki Ásgeirsson fundarritari og að fundarstjóra og fundarritara yrði falið að ganga frá fundargerð.

Í fundinum tóku þátt 18 af 25 fulltrúum fulltrúaráðs, þau Alma Ýr Ingólfssdóttir, Bergur Þorri Benjamínsson, Fríða Bragadóttir, Guðni Sigmundsson, Hrönn Stefánsdóttir, Ingibjörg Snjólaug Snorra Hagalín, Jón Heiðar Jónsson, Margrét Lilja Aðalsteinsdóttir, María Magdalena Birgisdóttir Olsen, María Pétursdóttir, Ólafur Jóhann Borgþórsson, Sigbór Unnsteinn Hallfreðsson, Vilhjálmur Hjálmarsson, Ágústa Dröfn Guðmundsdóttir, Svavar Kjarrval Lúthersson, Aðalbjörg Traustadóttir, Unnur Þöll Benediktsdóttir og Stefanía Traustadóttir.

Tillaga um fundarstjórn og ritun fundargerðar var samþykkt samhljóða og var Guðbrandur Sigurðsson kjörinn fundarstjóri og Flóki Ásgeirsson fundarritari og þeim falið að ganga frá fundargerð fundarins.

2. Staðfesting á stjórnarkjöri Brynju leigufélags ses. frá 28. nóvember 2023

Í fundarboði var gerð tillaga um staðfestingu stjórnarkjörs sem fram fór á fundi fulltrúaráðs Brynju leigufélags ses. 28. nóvember 2023 þar sem eftirfarandi einstaklingar voru kjörnir í stjórn:

Halldór Sævar Guðbergsson, formaður stjórnar
Halldóra Alexandersdóttir, varaformaður stjórnar
Lilja Dögg Jónsdóttir Donovan, meðstjórnandi
Hafsteinn Dan Kristjánsson, meðstjórnandi

Aðasteinn Leifsson, meðstjórnandi

Varamenn:

Fríða Bragadóttir

Jón Heiðar Daðason

Tillagan var samþykkt samhljóða.



Guðbrandur Sigurðsson fundarstjóri



Flóki Ásgeirsson, h.a.
Kt. 200183-7989

Flóki Ásgeirsson fundarritari